

SJÁLFBÆRNI STEFNA

Reginn hf. („Reginn“ eða „félagið“) lítur á sig sem brautryðjanda og framsækið fasteignafélag sem er eftirsóknarverður samstarfsaðili og vinnuveitandi. Félagið einsetur sér að vera leiðandi í mótun og rekstri fasteigna auk þess að stuðla að velferð samfélags, bættum lífsgæðum og umhverfi fólks. Rekstur og skipulag fasteigna hefur umtalsverð áhrif á umhverfi og lífsgæði fólks en tugir þúsunda manna dvelja daglega í fasteignum Regins, ýmist við leik eða störf. Með markvissum aðgerðum í rekstri fasteigna, fjárfestingum, skipulagi, nýbyggingum og með samvinnu við leigutaka getur Reginn átt ríkan þátt í móta umhverfi fólks þannig að daglegt líf verði betra, ánægjulegra og öruggara.

Með stöðugar úrbætur að leiðarljósi hefur félagið sett sér markmið um sjálfbærni. Verður árangur á því sviði mældur með markvissum hætti og starfsmenn, viðskiptavinir og fjárfestar upplýstir reglulega um markmiðin og þann árangur sem næst.

Í fjárfestingum og rekstri fasteigna er horft til langs tíma. Það er trú félagsins að áhersla á sjálfbærni dragi úr áhættu í rekstri félagsins og styrki fjárhagslega arðsemi til lengri tíma lítið.

Sjálfbær þróun

Sjálfbær þróun miðar að því að fullnægja þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að fullnægja sínum þörfum. Áhersla er lögð á að sjónarmið samfélags og umhverfis standi jafnfætis þeim efnahagslegu þar sem þau tengjast innbyrðis. Sjálfbær þróun kallar á heildarsýn þar sem mál eru skoðuð frá sem allra flestum hliðum svo afleiðingar þeirra ákvarðana sem teknar eru verði fyrir sjáanlegar í sem víðasta samhengi. Þróunina má meta út frá þremur mismunandi þáttum sjálfbærni: umhverfislegri, félagslegri og efnahagslegri.

- **Umhverfisleg sjálfbærni** miðar að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif og koma í veg fyrir að ekki sé gengið á auðlindir náttúrunnar þannig að komandi kynslóðir beri skarðan hlut frá borði þegar kemur að hagnýtingu náttúrugæða.
- **Félagsleg sjálfbærni** stuðlar að þróun samfélags þar sem mannréttindi, jafnrétti, heilsa, öryggi og lífsgæði fólks eru höfð að leiðarljósi.
- **Efnahagsleg sjálfbærni** tryggir fjárhagslegan styrk, arðsemi, aukið verðmæti og langtíma vöxt án þess að afleiðingar fyrir umhverfi og samfélag verði neikvæðar.

Stefna

Reginn er leiðandi í þróun á sjálfbæru borgarsamfélagi. Til að tryggja að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi í allri starfsemi Regins mun félagið meðal annars leggja áherslu á heildarsýn ásamt umhverfislegri, félagslegri og efnahagslegri sjálfbærni auk þess að minnka áhrif loftslagsbreytinga á eignasafnið.

Heildarsýn

Lögð verður áhersla á að samþætta Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og rekstur félagsins.

Félagið leggur megináherslu á sjö eftirfarandi markmið:

- Heilsu og vellíðan
- Jafnrétti kynjanna
- Sjálfbæra orku
- Sjálfbærar borgir og samfélög
- Ábyrga neyslu og framleiðslu
- Aðgerðir í loftlagsmálum
- Góð atvinna og hagvöxtur

Einnig hafa verið sett mælanleg markmið og viðmið um upplýsingagjöf.

Stjórn og stjórnendur félagsins leggja áherslu á að viðhafa góða og vandaða stjórnarhætti þannig að tryggt sé að starf stjórnarinnar sem og starfsemi félagsins sé á hverjum tíma í samræmi við lög, reglugerðir og viðmið um góða stjórnarhætti. Allir starfsmenn, birgjar og samstarfsaðilar skulu kynna sér siðareglur Regins, staðfesta þær og framfylgja þeim. Þá skal einnig unnið að stöðugum úrbótum á sviði sjálfbærni með fræðslu, upplýsingagjöf og frekari þróun.

Umhverfisleg sjálfbærni

Til að stuðla að umhverfislegri sjálfbærni mun félagið draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við framkvæmdir og frá rekstri. Nýta náttúruauðlindir með ábyrgum hætti og leita leiða til að draga úr notkun þeirra ásamt því að hámarka hlutfall endurnýjanlegar orku. Félagið lágmarkar innkaup og notkun á vörum sem eru skaðlegar umhverfinu og leggja áherslu á að draga úr magni sorps og auka flokkun. Lögð er áhersla á að minnka neikvæð umhverfisáhrif af rekstri í eignum Regins með því að hvetja og styðja viðskiptavinum, m.a. með útgáfu rafrænna reikninga, grænum leigusamningum og fræðslu. Félagið er leiðandi í umhverfissvottun fasteigna, þar sem fylgt er alþjóðlegum kröfum um umhverfispætti, áhættustýringu og rekstur.

Félagsleg sjálfbærni

Með félagslega sjálfbærni að leiðarljósi skal tryggja öruggt og stuðla að heilbrigðu umhverfi og vellíðan fólks. Á það jafnt við innanhúss og umhverfis fasteignir félagsins, í þágu starfsfólks, leigutaka og gesta þeirra. Áhersla er lögð á græn sjónarmið í skipulagsmálum og byggingum og þar með stuðlað að auknum lífs-gæðum þeirra sem þar fara um.



Reginn virðir mannréttindi sem eina af grundvallarstoðum samfélagsins og fylgir mikilvægum grunngildum er varða mannréttindi í allri sinni starfsemi og gerir sömu kröfur til birgja sinna. Mannréttindi eiga allir jafnt tilkall til án tillits til kyns, kynþáttar, kynferðis, tungu, trúar, skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ættarnis eða annarra aðstæðna. Félagið samþykkir ekki barna- og nauðungavinnu í virðiskeðju sinni.

Félagið leggur áherslu á vellíðan starfsfólks og er með stefnu og aðgerðaráætlun gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreitni og ofbeldi (EKKO).

Efnahagsleg sjálfbærni

Þegar litið er til efnahagslegrar sjálfbærni félagsins til lengri tíma skal tryggja sjálfbært sjóðsstreymi félagsins og lágmarka áhættu í rekstri með áherslu á þróun eigna. Nýta skal fjármagn og mannauð félagsins með sem hagkvæmustum hætti. Verklag innan félagsins einkennist af góðu viðskiptasiðferði, heilbrigðum viðskiptaháttum og ábyrgð.

Með vandað viðskiptasiðferði að leiðarljósi er leitast við að koma ávallt fram af sanngirni og heilindum. Hvers kyns spilling, mútur af einhverju tagi eða önnur ólögleg starfsemi verður ekki liðin undir neinum kringumstæðum. Félagið hefur jafnframt sett sér stefnu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka ásamt áhættumati og verklagsreglum því tengdu. Í starfs- og siðareglum félagsins kemur fram að stjórnendum og starfsmönnum er skylt að láta aldrei einkahagsmuni stangast á við hagsmuni félagsins eða viðskiptavina þess.

Loftslagsáhætta

Loftslagsbreytingar fela í sér hættu fyrir byggingar og samfélög. Til að bregðast við metur Reginn áhrif þeirra á eignasafnið. Þol bygginganna gagnvart breyttum aðstæðum er tryggt með fyrirbyggjandi viðhaldi í takt við þær hættur sem steðja að. Settar eru fram rýmingar- og neyðaráætlanir fyrir starfsfólk og viðskiptavinum Regins sem taka mið af náttúruhamförum, bruna og öðrum hættum tengdum loftslagsbreytingum fyrir eignir sem með Breeam In-use vottun eða eru í vottunarferli.

Framkvæmdarstjórar bera ábyrgð á aðgerðum gegn loftslagsvá í þeim eignum sem eru í þeirra umsjá.

Upplýsingagjöf og samstarf

Með stefnu þessari er lögð áhersla á gagnsæi um markmið og árangur og skulu upplýsingar um þróun og framvindu sjálfbærni félagsins vera aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

Stefna þessi er umfangsmikil og því mikilvægt að vinna að henni í samstarfi við aðra hagsmunaaðila. Í samvinnu við önnur fyrirtæki, yfirvöld, sveitarfélög, ráðgjafa, verktaka og birgja má ná langt og hafa víðtæk jákvæð áhrif á sjálfbærni umhverfis og samfélags.

Ábyrgð

Forstjóri er ábyrgur fyrir sjálfbærnistefnu Regins. Kröfur og markmið eru í sífelldri þróun og skal stefna þessi og markmið hennar því yfirfarin árlega í það minnsta.

Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á innleiðingu sjálfbærnistefnu félagsins í daglegan rekstur og skulu setja markmið fyrir hverja einingu sem stuðla að því að ná settum markmiðum félagsins. Allir starfsmenn Regins fá fræðslu sem gerir þeim kleift að skilja áhrif starfa þeirra á sjálfbærnimarkmið félagsins.



Þannig staðfest af stjórn Regins hf. þann 31. janúar 2024.

Benedikt Olgeirsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Tómas Kristjánsson

Stefna þessi er undirrituð rafrænt.